



Alþingi
Erindi nr. P 131/1431
komudagur 20.4.2005

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. apríl 2005

0504161SA ÞS/sp
Tilv.: 317

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamál

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. apríl 2005, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



Umsögn

Málsnr.: 0504161SA

Dags.: 12. apríl 2005

Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um ferðamál

Tilv.: 317

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. apríl sl., barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál 131. löggjafarþings.

Sambandið telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við tillöguna í heild sinni. Hins vegar gerir sambandið athugasemdir við orðalag 4. töluliðar í kaflanum „**rekstrarumhverfi ferðapjónustunnar**“ í tillögunni. Þar er orðað það markmið í rekstri ferðapjónustunnar að opinberir aðilar stundi ekki atvinnustarfsemi í samkeppni við einkarekin ferðapjónustufyrirtæki.

Sambandinu er ljóst að sveitarfélögum er ekki heimilt að nota opinbert fé til að greiða niður rekstur í samkeppni við einkaaðila, eða að raska samkeppnisstöðu einkaaðila á markaði með öðrum hætti. Á það sama við í ferðapjónustunni og öðrum atvinnugreinum hér á landi. Hins vegar vill sambandið benda á að svo fortakslaust orðalag sem hér er sett fram kann að gefa tilefni til ályktana um að stefna eigi að því að sveitarfélögin, sem og aðrir opinberir aðilar, hætti að styðja við uppbyggingu ferðapjónustu, t.d. með stuðningi við söfn, uppbyggingu tjaldsvæða eða gistiaðstöðu þar sem slík aðstað er ekki fyrir hendi, rekstur á upplýsingamiðstöðvum o.s.frv. Misjafnt er með hverjum hætti sveitarfélögin styðja við uppbyggingu ferðapjónustu og í sumum tilfellum felst stuðningurinn í því að stofnuð eru fyrirtæki, t.d. í samvinnu við einkaaðila, til slíkrar uppbyggingar. Í þeim tilvikum er þess gætt að brjóta ekki gegn ákvæðum eða markmiðum samkeppnislaga, en nefnt markmið, eins og það er orðað í umræddri tillögu, gengur í raun lengra heldur en kveðið er á um í samkeppnislögum.

Með vísan til framangreinds er lagt til að 4. tölulið í kaflanum „**rekstrarumhverfi ferðapjónustunnar**“ verði breytt og hann hljóði svo: *Opinberir aðilar raski ekki samkeppnisstöðu einkarekinna ferðapjónustufyrirtækja.*

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason,
framkvæmdastjóri